

Nd.

405. Breytingartillögur

[179. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá Kristínu Halldórsdóttur, Kristínu Einarsdóttur,
Málmfríði Sigurðardóttur og Þórhildi Þorleifsdóttur.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein svohljóðandi:
67. gr. laganna orðist svo:
Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga þessara og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tölul. 62. gr. í tveimur þrepum sem hér segir:
 1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 2 500 000 kr., reiknast 28,5%.
 2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 2 500 000 kr., skal reikna 33%.Frá þannig reiknaðri fjárhæð dregst persónuafsláttur skv. A-lið 68. gr. og sjómannaafsláttur skv. B-lið 68. gr.
Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 4% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.
2. Við 5. gr.
Í stað „158 820“ komi: 163 820.
3. Við 8. gr.
 - a. 4. mgr. A-liðar orðist svo:
Framfærandi samkvæmt þessum staflið er móðir barnsins ef barnið er í hennar umsjá, annars sá sem gegnir því hlutverki. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.
 - b. 5. mgr. A-liðar falli brott.
 - c. 8. mgr. A-liðar orðist svo:
Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld framfærandans frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs.
 - d. Í stað orðanna „framfæri hjóna“ í 3. og 4. mgr. B-liðar komi: heimili.
 - e. 5. mgr. B-liðar orðist svo:
Framfærandi samkvæmt þessum staflið er móðir barnsins, ef barnið er í hennar umsjá, annars sá sem gegnir því hlutverki. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.
 - f. 6. mgr. B-liðar falli brott.
 - g. Fyrir aftan orðið „sveitarsjóðsgjöld“ í 8. mgr. B-liðar komi: framfærandans.